



HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2021



Þróunarsvið, 16. september 2022
Þorkell Stefánsson

Helstu niðurstöður

- Stöðugildi á vegum ríkisins voru 26.610 við áramót 2021/2022. Á árinu 2021 fjölgaði stöðugildum um 1.328 eða 5,3% og er það mesta fjölgun milli ára frá því Byggðastofnun hóf að greina fjölda ríkisstarfa.
- Frá áramótum 2014/2015 hefur stöðugildum á vegum ríkisins fjölgað um 3.989 eða 17,6%.
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (72%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Þetta á ekki við um neinn annan landshluta.
- Stöðugildi á vegum ríkisins samsvara 11,8% af fjölda íbúa höfuðborgarsvæðisins á vinnualdri (15-64 ára) og 11,6% af íbúum Norðurlands vestra, þar sem hlutfallið er næst hæst. Á Norðurlandi eystra samsvara stöðugildi á vegum ríkisins um 11% af íbúafjölda á vinnualdri og á Vestfjörðum um 10%. Lægsta hlutfall stöðugilda af íbúafjölda á vinnualdri er á Suðurnesjum 6,6% og næst lægst á Suðurlandi 7,3%.
- Stöðugildum kvenna fjölgaði um 917 (5,7%) árið 2021 en stöðugildum karla fjölgaði um 411 (4,5%).
 - Mest fjölgun stöðugilda karla var hjá ISAVIA og einnig var nokkur fjölgun þeirra hjá háskólum og Landspítala.
 - Skýring á fjölgun stöðugilda kvenna tengist fyrst og fremst fjölgun á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum sem koma eflaust að talsverðu leyti til vegna áhrifa COVID-19. Auk þess var nokkur fjölgun stöðugilda kvenna hjá ISAVIA og háskólum.
- Stöðugildum fækkaði um þrjú til fimm í tveimur sveitarfélögum, Hornafirði og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en fjölgaði um þrjú eða fleiri í 25 sveitarfélögum. Í hinum sveitarfélögum 43 breyttist fjöldi stöðugilda minna.
- Mest fjölgun stöðugilda varð í Reykjavík (690 – m.a. vegna Landspítala, ISAVIA og háskólanna), í Garðabæ (176 – helst vegna flutninga höfuðstöðva Vegagerðarinnar) og á Akureyri (141 – m.a. vegna Sjúkrahússins á Akureyri og Háskólans á Akureyri).
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins heyra undir málaflokka tveggja ráðuneyta:
 - Flest stöðugildi, eða 44% eru vegna málaflokka heilbrigðisráðuneytisins. Þeirra á meðal eru tæplega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum.
 - Næst flest stöðugildi, eða 21% eru vegna málaflokka mennta- og menningarmálaráðuneytisins, til að mynda störf hjá háskólum, framhaldsskólum og menningarstofnunum.

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Bygðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Starfsfólk banka í ríkiseigu er þó ekki talið með í greiningunni. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda karla og kvenna við áramót 2021/2022. Störfin eru mun fleiri en stöðugildin en hér eru upplýsingarnar settar fram sem fjöldi stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Í töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu. Frekari tölulegar upplýsingar má finna í [mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu](#).

Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni er til. Frekari upplýsingar veitir Þorkell Stefánsson, sérfræðingur á þróunarsviði í síma 455-5400 eða í tölvupósti, thorkell@byggdastofnun.is.

Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót átta ár í röð, skipt niður á konur og karla. Stöðugildum hefur fjölgað á milli allra ára öll árin en fjölgunin á árinu 2021 var talsvert meiri en árin á undan. Árið 2021 fjölgaði stöðugildum um 1.328 eða 5,3%.

Þann 31. desember 2021 var heildarfjöldi stöðugilda 26.610, þar af voru 17.100 skipuð af konum og 9.511 af körlum. Hlutfall stöðugilda kvenna hefur hækkað frá áramótum 2013/2014, þegar konur voru í 62,8% stöðugilda, í 64,3% við áramót 2021/2022. Á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum voru rúm 11 þúsund stöðugildi í árslok 2021 og skipuðu konur um 82% þeirra. Mest fjölgun stöðugilda var hjá Landspítala, ISAVIA, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Háskóla Íslands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Sjúkrahúsínu á Akureyri. Stöðugildum fækkaði hvergi verulega, fyrir utan stofnanir sem lagðar voru niður á árinu eða sameinaðar öðrum (t.d. Nýsköpunarmiðstöð, Skattrannsóknarstjóra og Ríkiseignir), en nokkur fækkun var hjá Íslandspósti, Neytendastofu, Seðlabanka Íslands, Matís, Þjóðkirkjunni o.fl.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2014/2015.

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára	
31.12.2014	14.210	8.412	22.622	+63	+0,3%
31.12.2015	14.437	8.530	22.967	+345	+1,5%
31.12.2016	14.915	8.668	23.583	+616	+2,7%
31.12.2017	15.349	8.869	24.218	+635	+2,7%
31.12.2018	15.685	9.009	24.694	+476	+2,0%
31.12.2019	15.746	9.172	24.918	+224	+0,9%
31.12.2020	16.183	9.099	25.282	+365	+1,5%
31.12.2021	17.100	9.511	26.610	+1328	+5,3%

Flokkun stöðugildanna 26.610 út frá forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, nr. 119/2018¹ má sjá í töflu 2. Yfirstjórn ríkisins, stöðugildi sem ekki heyra undir ráðuneyti, telur 395 stöðugildi. Þar af eru flest vegna Alþingis og ríkisstjórnar, Rekstrarfélags stjórnarráðsins (Umbru) og Ríkisendurskoðunar. Um 44% stöðugilda ríkisins heyra undir heilbrigðisráðuneytið eða 11.638. Þar af eru tæplega fimm þúsund vegna Landspítala. Auk þess er stór hluti stöðugildanna vegna hjúkrunarheimila, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana. Um 21% stöðugilda heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið eða 5.653. Stærstur hluti þeirra eru vegna háskóla og framhaldsskóla, flest vegna Háskóla Íslands eða tæplega 1.500. Auk þess tilheyra menningarstofnanir á borð við RÚV, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands ráðuneytinu.

Stöðugildi sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eru 2.350 eða 8,8%. Þar munar mestu um stöðugildi vegna ISAVIA og tengdra félaga, Íslandspósts og Vegagerðarinnar. Dómsmálaráðuneytinu tilheyra 2.156 stöðugildi eða 8,1%. Þar undir eru meðal annars lögregluembættin, dómstólar, Landhelgisgæslan, Þjóðkirkjan og Fangelsismálastofnun. Undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið heyra 1.207 stöðugildi eða 4,5%. Þar á meðal eru stöðugildi vegna Landsvirkjunar, RARIK, Hafrannsóknarstofnunar, Matvælastofnunar og Matís. Undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heyra 958 stöðugildi eða 3,9%. Stór hluti þeirra er vegna Skattsins og ÁTVR.

Félagsmálaráðuneytinu tilheyra 768 stöðugildi eða 2,9%, meðal annars vegna Vinnumálastofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Barnaverndarstofu. Undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið heyra 672 stöðugildi eða 2,5%, þar á meðal vegna Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnunar. Forsætisráðuneytinu tilheyra 523 stöðugildi eða 2,0%, þar af er stór hluti vegna Seðlabanka Íslands og nokkur hluti vegna Hagstofu Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur 290 stöðugildi eða 1,1%, en þar undir eru aðalskrifstofa ráðuneytisins, Sendiráð Íslands, Íslandsstofa o.fl.

¹ Forsetaúrskurður 119/2018 hefur verið felldur úr gildi með forsetaúrskurði 125/2021. Í gögnum frá Fjársýslu ríkisins fylgja stöðugildi 31.12.2021 hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna fyrri ráðuneytaheitum, svo að notast verður við sömu skiptingu og árið áður.

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum ráðuneyta.

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfall stöðugilda
Yfirstjórn ríkisins	184	211	395	1,5%
Heilbrigðisráðuneyti	9.587	2.051	11.638	43,7%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	3.285	2.368	5.653	21,2%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	880	1.469	2.350	8,8%
Dómsmálaráðuneyti	927	1.228	2.156	8,1%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	459	748	1.207	4,5%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	493	465	958	3,6%
Félagsmálaráðuneyti	518	250	768	2,9%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	334	338	672	2,5%
Forsætisráðuneyti	268	255	523	2,0%
Utanríkisráðuneyti	164	126	290	1,1%
Samtals stöðugildi	17.100	9.511	26.610	100,0%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 72% allra ríkisstarfa unnin (tafla 3). Á heildina litið samsvarar fjöldi stöðugilda ríkisins rúmlega 7% af íbúafjölda landsins, eða tæplega 11% íbúa á vinnualdri (15-64 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á höfuðborgarsvæðinu (11,8%) og næsthæst á Norðurlandi vestra (11,6%). Lægst er hlutfallið á Suðurnesjum eða 6,6% en þar fjölgaði stöðugildum þó hlutfallslega mest á milli ára. Mest munaði þar um fjölgun starfa hjá félögum tengdum ISAVIA og einnig hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Á Norðurlandi eystra var fjölgun stöðugilda einnig hlutfallslega mikil og munar þar mestu um fjölgun hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.20	Íbúafjöldi 1. jan 2022	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	12.313	6.745	19.058	+911 (+5%)	240.882	64,0%	71,6%	7,9%	161.566	11,8%
Suðurnes	693	634	1.327	+109 (+8,9%)	29.108	7,7%	5,0%	4,6%	20.060	6,6%
Vesturland	580	280	860	+37 (+4,5%)	17.019	4,5%	3,2%	5,1%	10.833	7,9%
Vestfirðir	292	188	480	+25 (+5,4%)	7.205	1,9%	1,8%	6,7%	4.718	10,2%
Norðurland vestra	352	184	536	+25 (+5%)	7.405	2,0%	2,0%	7,2%	4.641	11,6%
Norðurland eystra	1.508	660	2.168	+163 (+8,2%)	31.161	8,3%	8,1%	7,0%	20.078	10,8%
Austurland	376	206	582	+21 (+3,8%)	11.031	2,9%	2,2%	5,3%	7.145	8,1%
Suðurland	954	583	1.538	+40 (+2,7%)	32.437	8,6%	5,8%	4,7%	21.037	7,3%
Erlendis	31	30	61	-3 (-5%)	-	-	-	-	-	-
Samtals stöðugildi	17.100	9.511	26.610	+1328 (+5,3%)	376.248	100%	100%	7,1%	250.078	10,6%

Skipting stöðugilda niður á málaflokka ráðuneytanna er nokkuð mismunandi milli landshluta (mynd 1).

Stöðugildi sem falla undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins eru, eins og áður segir, 44% af stöðugildum á landsvísu en hlutfall þeirra innan landshluta er hæst 51% á Norðurlandi eystra og Austurlandi og næst hæst 50% á Vesturlandi. Hlutfallið er lægst 25% á Suðurnesjum og næst lægst 36% á Norðurlandi vestra.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru 21% allra stöðugilda á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er hæst á Norðurland eystra 24% og næst hæst á Höfuðborgarsvæðinu 23%. Lægst hlutfall stöðugilda sem tilheyra málaflokkum mennta- og menningarmálaráðuneytisins er 7% á Suðurnesjum og næst lægst á Vestfjörðum 10%. Stöðugildi utan höfuðborgarsvæðisins sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið eru fyrst og fremst í framhaldsskólum og háskólum.

Hlutfall stöðugilda vegna málaflokka samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er tæplega 9% á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er lang hæst á Suðurnesjum eða 43%, fyrst og fremst vegna stöðugilda á vegum ISAVIA og tengdra félaga. Annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið séu vegna Íslandspósts og Vegagerðarinnar.

Stöðugildi sem heyra undir dómsmálaráðuneytið eru um 8% stöðugilda á landsvísu. Á Suðurnesjum er hlutfall þeirra stöðugilda 18%, fyrst og fremst vegna stöðugilda Lögreglustjórans á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunnar. Á Suðurlandi er hlutfall stöðugilda sem heyra undir dómsmálaráðuneytið 15%, m.a. vegna Fangelsismálastofnunar og Lögreglustjórans á Suðurlandi.


Vestfirðir skera sig úr hvað varðar hlutfall stöðugilda sem tilheyra málaflokkum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en þar er hlutfall stöðugilda sem heyra undir ráðuneytið 15% en annars staðar mest 6%. Ástæða þess eru fyrst og fremst stöðugildi á vegum Orkubús Vestfjarða. Á Suðurlandi eru 10% stöðugilda vegna málaflokka ráðuneytisins enda er mikill fjöldi stöðugilda hjá Landsvirkjun, Rarik og Matvælastofnun á Suðurlandi.

Hlutfall stöðugilda sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið eru á bilinu 2% til 4% af stöðugildum í hverjum landshluta. Utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að þessi stöðugildi séu vegna Skattsins og ÁTVR.

Þá sker Norðurland vestra sig úr vegna hlutfalls stöðugilda sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Þar heyra 13% stöðugilda undir ráðuneytið og er það aðallega vegna stöðugilda á vegum Vinnumálastofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dreifast nokkuð jafnt yfir landið. Hlutfall þeirra er víðast hvar 3-6% utan höfuðborgarsvæðisins og er það vegna starfa m.a. á vegum Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Veðurstofunnar. Tveir landshlutar skera sig úr hvað varðar hlutfall stöðugilda sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið, annars vegar Suðurnes þar sem 0,7% stöðugildanna eru á vegum ráðuneytisins og hins vegar Norðurland vestra þar sem hlutfallið er 0,4%.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis eða eru vegna yfirstjórnar ríkisins, eru færri en hjá öðrum ráðuneytum og dreifast mun minna um landið. Jafnréttisstofa heyrir undir forsætisráðuneytið og er hún með starfsemi á Akureyri. Utanríkisráðuneytið er með nokkur störf utan höfuðborgarsvæðisins, fyrst og fremst stöðugildi hjá Þýðingamiðstöð. Nær öll stöðugildi vegna yfirstjórnar ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu, enda eru það að miklu leyti stöðugildi tengd Alþingi og ríkisstjórn.



Mynd 1. Skipting stöðugilda ríkisins á málaflokka ráðuneyta í hverjum landshluta.

Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 911 eða um 5,0% á árinu 2021 (tafla 4). Í Reykjavíkurborg voru stöðugildi við áramót 690 fleiri en á síðasta ári, eða sem nemur 4,4%. Þar fjölgaði mikið hjá Landspítala, ISAVIA og Háskóla Íslands en á móti fækkaði stöðugildum í Reykjavík vegna flutninga höfuðstöðva Vegagerðarinnar yfir í Garðabæ og vegna lokunar Nýsköpunarmiðstöðvar, svo dæmi séu tekin. Í Garðabæ fjölgaði stöðugildum um 176 eða 60,1%, aðallega vegna fyrrnefndra flutninga höfuðstöðva Vegagerðarinnar. Í Kópavogsbæ varð 24 stöðugilda fjölgun sem jafngildir 2,5%. Þar fjölgaði mest hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í Hafnarfjarðarkaupstað fjölgaði stöðugildum um 12 eða 1,7% milli ára og er það meðal annars vegna Flensborgarskóla, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar. Stöðugildum hjá Vegagerðinni fækkaði í Hafnarfirði þegar starfsstöð þar var lögð niður. Einnig fækkaði stöðugildum hjá Háskóla Íslands í Hafnarfirði. Stöðugildum í Mosfellsbæ fjölgaði um sjö eða 2,5%, aðallega vegna Hjúkrunarheimilisins Hamra. Í Seltjarnarnesbæ fjölgaði stöðugildum um tvö.

Tafla 4. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Garðabær	282	283	271	265	272	273	293	469
Hafnarfjarðarkaupstaður	740	642	666	643	594	527	713	725
Kjósarhreppur	1	1	1	1	1	1	1	1
Kópavogsbær	635	623	766	768	834	961	970	994
Mosfellsbær	304	304	299	265	270	271	284	291
Reykjavíkurborg	14.172	14.497	14.692	15.083	15.431	15.567	15.787	16.477
Seltjarnarnesbær	32	34	33	51	48	102	99	101
Samtals	16.165	16.383	16.728	17.077	17.450	17.702	18.147	19.058

Suðurnes

Á Suðurnesjum fjölgaði stöðugildum um 108 eða 8,9% á árinu 2021. Þar af fjölgaði stöðugildum í Reykjanesbæ um 99 eða 8,4% og er það fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá félögum tengdum ISAVIA en einnig hjá Lögreglustjórnnum á Suðurnesjum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (tafla 5). Í Grindavíkurbæ fjölgaði stöðugildum um 11 eða 27,5% vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Umhverfisstofnunar. Fjöldi stöðugilda í Suðurnesjabæ stóð í stað á milli ára og í Sveitarfélaginu Vogum fækkaði stöðugildum úr einu í núll.

Tafla 5. Stöðugildi á Suðurnesjum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Grindavíkurbær	35	37	38	40	40	40	40	51
Reykjanesbær	952	1.068	1.231	1.381	1.395	1.334	1.175	1.274
Suðurnesjabær	2	3	4	4	4	3	3	3
Sveitarfélagið Vogar	1	1	1	0	0	1	1	0
Samtals	991	1.110	1.274	1.425	1.439	1.378	1.219	1.327

Vesturland

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um 37 árið 2021 sem jafngildir 4,5% (tafla 6). Mest fjölgun stöðugilda varð á Akranesi, 23 stöðugildi eða 6,2%, meðal annars vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hjúkrunar- og Dvalarheimilinu Höfða og Lögreglunni á Vesturlandi. Stöðugildum fjölgaði um 11 eða 4,9% í Borgarbyggð, mest hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Í Dalabyggð fjölgaði stöðugildum um tvö og í Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ fjölgaði um eitt stöðugildi. Í Skorradalshreppi fækkaði stöðugildum úr fjórum í þrjú og í Hvalfjarðarsveit fækkaði stöðugildum úr einu í núll.

Tafla 6. Stöðugildi á Vesturlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Akraneskaupstaður	334	329	346	367	378	382	370	393
Borgarbyggð	248	255	228	222	218	221	224	235
Dalabyggð	48	48	50	50	48	44	42	44
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	52	49	50	49	49	51	54	55
Helgafellssveit	0	0	0	0	0	0	0	0
Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	1	0
Skorradalshreppur	0	0	0	3	4	4	4	3
Snæfellsbær	40	38	43	43	42	46	42	43
Stykkishólmsbær	100	91	87	85	84	83	86	87
Samtals	823	812	806	821	823	833	823	860

Vestfirðir

Á Vestfjörðum fjölgaði stöðugildum um 25 eða 5,5% árið 2021 og var fjölgunin að mestu bundin við Ísafjarðarbæ og Bolungarvík (tafla 7). Í Ísafjarðarbæ fjölgaði stöðugildum um 21 eða 6,5%, mest vegna Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Vegagerðarinnar. Í Bolungarvíkurkaupstað fjölgaði stöðugildum um fimm eða 23,8% og voru þau aðallega á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Háskóla Íslands. Stöðugildum fjölgaði um eitt í Vesturbyggð en fækkaði um eitt í Strandabyggð og í Reykhólahreppi. Í Kaldrananeshreppi fækkaði stöðugildum úr einu í núll.

Tafla 7. Stöðugildi á Vestfjörðum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Árneshreppur	2	2	2	2	2	1	1	1
Bolungarvíkurkaupstaður	33	28	27	26	23	22	21	26
Ísafjarðarbær	279	285	310	314	319	314	322	343
Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	1	1	1	0
Reykhólahreppur	10	12	13	12	11	12	12	11
Strandabyggð	38	39	41	38	40	40	39	38
Súðavíkurhreppur	1	1	0	0	1	1	0	0
Tálknafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	51	53	58	56	55	57	59	60
Samtals	412	418	451	447	452	447	455	480

Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fjölgaði um 25 stöðugildi árið 2021 eða 4,9% (tafla 8). Mest fjölgun varð í Sveitarfélaginu Skagafirði eða um 19 stöðugildi, en það eru 6,0%. Þar munaði mestu um fjölgun stöðugilda hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Í Húnaþingi vestra fjölgaði stöðugildum um fimm eða 7,8%, fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í Blönduósbæ og í Sveitarfélaginu Skagaströnd fjölgaði stöðugildum um eitt. Fjöldi stöðugilda var sá sami og ári áður í Akrahreppi og Húnavatnshreppi.

Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Akrahreppur	1	1	1	1	1	1	1	1
Blönduósbær	87	84	81	84	83	82	85	86
Húnavatnshreppur	13	13	14	15	18	14	15	15
Húnaþing vestra	64	66	62	62	63	65	64	69
Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0	0
Sveitarfélagið Skagafjörður	281	285	294	294	299	301	318	337
Sveitarfélagið Skagaströnd	23	20	20	21	22	24	28	29
Samtals	469	469	471	477	485	487	511	536

Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 163 eða 8,1% á Norðurlandi eystra á árinu 2021 (tafla 9). Mest fjölgaði stöðugildum í Akureyrarbæ, um 141 eða 8,9%. Þar kom fjölgunin fyrst og fremst til vegna fjölgunar stöðugilda hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Í Dalvíkurbyggð fjölgaði stöðugildum um 6 eða 11,5% og þar munaði mest um fjölgun hjá dvalarheimilinu Dalbæ. Í Fjallabyggð fjölgaði stöðugildum um 7 eða 6,4%, m.a. hjá Menntaskólanum á Tröllaskaga, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Hornbrekku. Í Norðurþingi fjölgaði stöðugildum um fimm eða 2,7%, mest hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Lögreglunni á Norðurlandi eystra. Í Langanesbyggð fjölgaði um þrjú stöðugildi, í Skútustaðahreppi um tvö og í Þingeyjarsveit um eitt. Í Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit fækkaði stöðugildum um eitt.

Tafla 9. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Akureyrarbær	1.395	1.405	1.443	1.489	1.523	1.541	1.577	1.718
Dalvíkurbyggð	53	53	55	53	52	52	52	58
Eyjafjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	2	1
Fjallabyggð	114	113	110	111	108	108	110	117
Grýtubakkahreppur	1	2	1	2	2	2	2	2
Hörgársveit	2	2	1	1	1	1	1	0
Langanesbyggð	14	16	18	19	20	18	20	23
Norðurþing	161	171	174	177	178	179	182	187
Skútustaðahreppur	24	21	25	39	34	34	32	34
Svalbarðshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Svalbarðsstrandahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Tjörneshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	31	31	29	29	26	28	28	28
Samtals	1.796	1.815	1.858	1.922	1.944	1.964	2.005	2.168

Austurland

Stöðugildum fjölgaði um 22 eða 3,9% á Austurlandi árið 2021 (tafla 10). Í Fjarðabyggð fjölgaði stöðugildum um 10, eða sem samsvarar 4,3%, mest vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Í Múlaþingi fjölgaði stöðugildum um 11 eða 3,7%, m.a. vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands, Lögreglunni á Austurlandi og Þjóðkirkjunni. Stöðugildum fækkaði um tvö í Vopnafjarðarhreppi og í Fljótisdalshreppi fjölgaði þeim um eitt.

Tafla 10. Stöðugildi á Austurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Fjarðabyggð	247	246	247	233	243	238	235	245
Fljótisdalshreppur	15	15	14	15	15	15	15	16
Múlaþing	288	283	291	300	292	292	300	311
Vopnafjarðarhreppur	6	9	10	10	10	10	11	9
Samtals	556	553	562	557	560	555	560	582

Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um 41 eða um 2,7% á Suðurlandi árið 2021 (tafla 11). Mest fjölgaði stöðugildum í Sveitarfélaginu Árborg og í Hveragerðisbæ. Í Árborg fjölgaði stöðugildum um 18 eða 2,9% og í Hveragerðisbæ um 15 eða 7,8%. Í Sveitarfélaginu Árborg kemur fjölgunin helst til vegna Fangelsismálastofnunar, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Lögreglunnar á Suðurlandi. Á móti varð nokkur fækkun hjá Matvælastofnun og Háskóla Íslands í Árborg. Í Hveragerðisbæ fjölgaði helst hjá dvalarheimilinu Ási en einnig hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Í Rangárþingi eystra fjölgaði stöðugildum um sjö eða 14,6%, aðallega vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Stöðugildum fjölgaði um sjö í Bláskógabyggð sem jafngildir 13,0%, m.a. vegna Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Í Vestmannaeyjabæ fjölgaði stöðugildum um fjögur árið 2021 og í Rangárþingi ytra fjölgaði þeim um tvö. Fækkun stöðugilda varð í nokkrum sveitarfélögum Suðurlands árið 2021. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fækkaði stöðugildum um fimm eða 3,6% en þar munar mestu um fækkun stöðugilda í öldrunarþjónustu. Á móti fjölgaði stöðugildum við Framhaldsskólann í A-Skaftafellssýslu. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í Skaftárhreppi fækkaði stöðugildum um þrjú. Í Grímsnes- og Grafningshreppi og í Sveitarfélaginu Ölfusi fækkaði um eitt stöðugildi.

Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	49	62	61	72	83	85	54	61
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Grímsnes- og Grafningshreppur	14	14	14	15	16	15	14	13
Hrunamannahreppur	3	3	2	4	5	4	4	4
Hveragerðisbær	174	185	200	200	197	192	193	208
Mýrdalshreppur	37	34	37	41	41	45	41	41
Rangárþing eystra	48	49	42	43	42	47	48	55
Rangárþing ytra	99	98	98	105	103	99	98	100
Skaftárhreppur	21	28	24	26	28	30	30	27
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	40	39	44	56	57	50	47
Sveitarfélagið Árborg	577	566	559	559	574	602	630	648
Sveitarfélagið Hornafjörður	108	101	108	127	129	126	140	135
Sveitarfélagið Ölfus	18	19	19	20	22	20	20	19
Vestmannaeyjabær	166	158	168	168	180	166	175	179
Samtals	1.353	1.356	1.374	1.422	1.477	1.488	1.497	1.538

Erlendis

Stöðugildi sem unnin eru erlendis á vegum íslenska ríkisins voru 61 í árslok 2021 og hafði þá fækkað um þrjú milli ára.